

AUGLÝSING

um nýtt hverfisSKIPULAG í Reykjavíkurborg.

HverfisSKIPULAG fyrir Neðra-Breiðholt, Efra-Breiðholt og Seljahverfi.

Í samræmi við 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti skipulags- og samgönguráð 8. desember 2021 og borgarráð Reykjavíkur 9. desember 2021 tillögu að hverfisSKIPULAGI í Neðra-Breiðholti, Efra-Breiðholti og Seljahverfi. HverfisSKIPULAG er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisSKIPULAGS, sbr. heimildarskrá yfir deiliskipulag sem felld er úr gildi.

Helstu markmið hverfisSKIPULAGSINS eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum. Uppdrættir og greinargerð (skilmálar) hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. HverfisSKIPULAGIÐ ÖÐLAST ÞEGAR GILDI.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. maí 2022.

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022